

AUGLÝSING

um umferð á Dalvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Dalvík:

- I. Aðalbrautarrétt hafa
 - a. Skíðabraut
 - b. Hafnarbraut
 - c. Gunnarsbraut
 - d. Mímisvegur. Þó skal umferð á Mímisvegi víkja fyrir umferð um Skíðabraut.
 - e. Goðabraut. Þó skal umferð um Goðabraut víkja fyrir umferð um Mímisveg.
- II. Umferð af Smáravegi, Stórhólsvegi, Sunnutúni og Sognstúni víki fyrir umferð um Bjarkarbraut.
- III. Bifreiðastöður eru bannaðar á vesturkanti Karlsbrautar.
Eldri auglýsingar um umferð á Dalvík eru fallnar úr gildi.

Bæjarfógetinn á Dalvík, 25. janúar 1979.

Ófeigur Eiríksson.